

24.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins þriðjudaginn 24.janúar 2012 og hófst kl. 20.00. Mætt: Sigurjón, Kári, Birgir, Guðjón og Gry. Auðunn mætti kl. 20.30. Þetta gerðist

### **Undirbúningur fyrir kraftlyftingabing 2012.**

Stjórnin fór yfir skýrslu og reikninga sl. árs og útbjó fjárhagsáætlun næsta árs.

Bóka niðurstöðru rekstrar og að stjórnin hafi samþykkt reikningana.

### **Reglugerð um mótahald.**

Breytingartillögur samþykktar á eftirfarandi greinum sem eftir breytingu hljóða svo:

#### **3. gr. Hlutgengi**

Rétt til þátttöku á mótum KRAFT hafa allir meðlimir aðildarfélaga KRAFT sem eru skuldlausir við sín félög og rétt skráðir í Felix - félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Til að mega keppa á mótum innan KRAFT þarf keppandi að vera skráður í aðildarfélag innan KRAFT a.m.k. mánuði fyrir mót. Ef um er að ræða Íslandsmeistaramót og bikarmót þarf viðkomandi að vera skráður a.m.k. þrjá mánuði fyrir mótið. Til að mega keppa fyrir hönd Íslands erlendis þurfa keppendur að vera skráðir í aðildarfélag innan KRAFT a.m.k. 6 mánuði fyrir mót og vera íslenskir ríkisborgarar. Undanþága frá þessu ákvæði, t.d. vegna erlendra gestakeppenda, er háð samþykki stjórnar KRAFT.

#### **5. gr. Val á kraftlyftingamanni ársins í karla- og kvennaflokki**

Stjórn KRAFT velur kraftlyftingamann ársins í karla- og kvennaflokki í lok hvers keppnistímabils. Niðurstöður skulu birtar viðkomandi með heiðurskjali, birtar á kraft.is og tilkynntar til ÍSÍ.

#### **8. gr. Þátttaka á mótum utan KRAFT**

Engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á mótum, innanlands eða erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru aðilar að KRAFT eða viðurkenndur af IPF án sérstaks leyfis KRAFT. Með sama hætti má enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður félagi í aðildarfélag KRAFT keppa, dæma, starfa eða aðstoða á mótum sem haldin eru af aðildarfélagi KRAFT án sérstaks leyfis KRAFT.

Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.

#### **9. gr. Dómaralisti**

Listi yfir dómara með réttindi til að dæma á mótum KRAFT skal ávallt aðgengilegur á kraft.is.

Dómaranefndin ber ábyrgð á að listinn sé réttur hverju sinni.

Til að vera á listanum þurfa dómarar að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- hafa staðist dómarapróf KRAFT
- vera meðlimur í félagi innan KRAFT
- hafa dæmt á móti á vegum KRAFT á sl. tveimur árum

Dómari á dómatalista KRAFT sem dæmir á kraftlyftingamóti sem ekki er á vegum KRAFT eða IPF fellur sjálfkrafa út af dómatalista KRAFT.

## 10. gr. Dómarapróf

Stjórn KRAFT skal gangast fyrir a.m.k. einu dómaraprófi ár hvert. Stjórn KRAFT skal gangast fyrir upprifjunarnámskeið fyrir dómara a.m.k. á tveggja ára fresti.

## 12. gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála í umboði stjórnar KRAFT. Mót er aðeins gilt, að farið sé eftir lögum og reglugerðum KRAFT, IPF og ÍSÍ. Mótanefnd getur lagt bann við að mót fari fram, ef sýnt þykir, að ekki verði farið eftir gildandi reglum og ógildað úrslit ef gegn reglum var brotið við framkvæmd mótsins.

## 13. gr. Mótaskrá

Mótanefnd KRAFT samþykkir mót og ber ábyrgð á mótaskrá. Umsókn um skráningu móta á mótaskrá þarf að berast mótanefnd KRAFT ekki seinna en 1. september árið á undan.

Mótanefnd KRAFT birtir mótaskrá næsta árs í síðasta lagi 1. október ár hvert. Skráin skal birt á kraft.is

Umsókn um skráningu móts skulu fylgja upplýsingar um :

- a) nafn og lýsingu móts (innanfélagsmót/opið mót/meistaramót)
- b) dagsetningu, tímasetningu og mótsstað
- c) mótshaldara og ábyrgðarmann

Mót skal skrá sem annaðhvort innanfélagsmót, opið mót eða meistaramót.

Á hverju ári skal halda Bikarmót KRAFT svo og eftirtalin meistaramót: Íslandsmeistaramót í bekkpressu, Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum í öllum aldursflokkum og Íslandsmeistaramót í réttstöðulyftu.

## 14. gr. Lágörk

Stjórn KRAFT er heimilt að ákveða hvaða lágörk skulu gilda á Íslandsmeistaramótum og öðrum mótum hverju sinni.

Lágörk skulu kynnt á kraft.is um leið og ný mótaskrá er lögð fram og taka gildi við upphaf næsta keppnistímabils.

## 16. gr. Auglýsing móta

Önnur mót en innanfélagsmót skal auglýsa á heimasíðu mótshaldara og á kraft.is með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Í auglýsingu um mót skal koma fram:

- a) hvers konar mót er um að ræða
- b) nákvæm tímasetning og staðsetning
- c) tíma- og staðsetning vigtunar (vigtun skal hefjast í fyrsta lagi kl. 08.00)
- d) mótshaldari og ábyrgðarmaður
- e) upphæð þátttökugjalds og reikningsnúmer

- f) skráningarfrestur og hver tekur við skráningu
- g) önnur sérstök ákvæði

### **17. gr. Þátttökuréttur, keppnisgjald og skráning á mót**

Öll aðildarfélög KRAFT eiga rétt á að taka þátt í öllum mótum á mótaskrá KRAFT .

Á innanfélagsmótum fer skráning fram samkvæmt ákvæðum hvers félags, þó þannig að allir keppendur séu skráðir félagar í Felix.

Á opnum mótum og meistaramótum skal skráning fara fram á þar til gerðum eyðublöðum sem má nálgast á kraft.is. Skráning sendist mótshaldara og afrit til mótanefndar KRAFT með tölvupósti innan auglýsts skráningarfrests. Skrá skal bæði keppendur og aðstoðarmenn og eiga eingöngu skráðir aðilar aðgang að upphitunar – og keppnisvæði fyrir utan starfsmenn mótsins.

Aðildarfélögin greiða þátttökugjald fyrir sína keppendur og skal greitt við skráningu svo hún taki gildi. Gjaldið rennur til mótshaldara. Keppendur skulu vera skuldlausir við sitt félag og rétt skráðir í félagaskrá ÍSÍ.

Keppandi sem hættir við þátttöku á ekki rétt á endurgreiðslu þátttökugjalds.

Skráningarfrestur á mótum KRAFT eru 14 dagar.

Erlendum ríkisborgurum er heimil þátttaka á mótum KRAFT, en geta ekki sett Íslandsmet né hlotið Íslandsmeistaratitil.

### **18. gr. Starfsmenn á mótum**

Mótshaldari skal sjá til þess að nægilegur fjöldi starfsmanna sé á mótinu og ber ábyrgð á þeim. Allir starfsmenn á móti skulu vera meðlimir í félögum innan KRAFT og skráðir sem slíkir í Felix.

Starfsmenn skulu vera auðkenndir með fatnaði eða merkjum.

Félag sem sendir 5 eða fleiri keppendur á móti er skyldugt að bjóða fram starfsmenn til starfa á mótinu. Ef keppendur eru 10 eða fleiri skulu þeir vera að lágmarki 3. Ef keppendur eru 15 eða fleiri keppendur skulu þeir vera að lágmarki 5 starfsmenn. Mótshaldari metur hversu marga af þeim hann þarf á að halda og lætur félögin vita eins fljótt og hægt er.

### **23. gr. Skráning Íslandsmeta**

Íslandsmet er eingöngu hægt að setja á Íslandsmeistaramóti í kraftlyftingum, Íslandsmeistaramóti í bekkpressu, Íslandsmeistaramóti í réttstöðulyftu, Bikarmóti í kraftlyftingum svo og á alþjóðamótum eða landsmeistaramótum erlendra aðildarsambanda undir lögsögu IPF. Ekki er gerður greinarmunur á lyftum með eða án útbúnaðar.

Mótaskýrslu undirritaða af dómurum skal senda stjórn KRAFT innan tveggja vikna frá setningu mets. Uppfærður metalisti skal aðgengilegur á kraft.is

Eingöngu íslenskir ríkisborgarar geta sett Íslandsmet.

**Aðgerð:** Gry uppfærir reglurnar og birtir á kraft.is

### **Agamál**

Stjórnin ákvað að ávíta stjórn Kraftlyftingafélags Akureyrar fyrir að hafa farið gegn reglugerð Kraft með því að leyfa félagsmönnum að taka þátt í móti utan Kraftlyftingasambands Íslands.

**Aðgerð:** **Sigurjón** og **Gry** ganga frá málinu.

### **Keppnissett**

Stjórnin ákvað að bjóða keppnissett sambandsins til sölu hæstbjóðanda, samt með fyrirvara um ásættanlegt verð.

**Aðgerð:** **Gry** sendir bréf um þetta til formanna félaga.

Fundi slitið kl. 22.45

Fundarritari Gry Ek